



BLAKSAMBAND ÍSLANDS
ÍPRÓTTAMÍÐSTÖÐINNI, LAUGARDAL
Engjavegi 6
104 REYKJAVÍK

Sími: 514 4111 GSM: 663-0112
FAX: (354) 514 4112

11.Nóv.1972

Framkvæmdastjóri: Sævar Már Guðmundsson
netfang: bli@bli.is Heimasíða: www.bli.is Textavarp síða 339

Reykjavík, 11. ágúst 2008

2. stjórnarfundur BLÍ, mánudaginn 11. ágúst kl. 17.00

Dagskrá

- Mótamál (mótagjöld – dómargjöld – staða)
- U19 Akureyri
- Yngriflokkar
- Reglugerðir (bikarkeppni)
- Önnur mál

Mæting: Jason Ívarsson, formaður. Stefán Jóhannesson, Óskar Hauksson, Svala Vignisdóttir, Hreggviður Norðdahl. Harald Ísaksen, Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir og Davíð Búi Halldórsson mættu ekki. Sævar Már Guðmundsson ritaði fundinn.

Fundargerð

Mótamál

Skráningar eru að berast sambandinu um þessar mundir og þetta lítur vel út til að byrja með. Lítur út fyrir að liðin verði jafnmörg í 1. deildinni, þó á enn eftir að fá staðfestingu frá ÍS í karlaflokki. Búist var við því að KA myndi leika í 1. deild kvenna en ekki hefur það fengist staðfest ennþá.

Uppröðun mótsins er á byrjunarstigi og verður væntanlega lokið fyrir 1. september. Mikilvægar dagsetningar voru settar fram á fundinum og þær samþykktar.

Mótagjöld fyrir tímabilið voru samþykkt svona:

1. deild karla og kvenna 08-09: kr. 40.000
2. deild karla og kvenna 08-09: kr. 30.000*
3. deild kvenna 08-09: kr. 20.000

*Varnagli settur á 2. deild kvenna upp á leikjafjölda hjá liðunum, reynt verður að koma því þannig fyrir að spilað verði í einni deild með 7 eða 8 liðum í stað riðla.

Dómargjöld fyrir tímabilið voru ákveðin á eftirfarandi hátt

1. deild karla og kvenna: kr. 4.000 per dómara
2. deild karla og kvenna: kr. 3.000 per dómara
3. deild kvenna: kr. 2.000 per dómara á leik**

** Aðeins er einn dómari settur á leik í 3. deild kvenna og greiða liðin þann kostnað að auki, breytt frá því á síðasta tímabili



BLAKSAMBAND ÍSLANDS
ÍPRÓTTAMÍÐSTÖÐINNI, LAUGARDAL
Engjavegi 6
104 REYKJAVÍK

Sími: 514 4111 GSM: 663-0112
FAX: (354) 514 4112

11.Nóv.1972

Framkvæmdastjóri: Sævar Már Guðmundsson
netfang: bli@bli.is Heimasíða: www.bli.is Textavarp síða 339

Sævari falið að breyta reglugerð um deildina og kynna fyrir næsta stjórnarfund. Sævari falið að senda bréf á forsvarsmenn félaganna með ofangreindum upplýsingum.

Upp kom umræða um deildarkeppnina í 2. deild fyrir utan höfuðborgarsvæðið. Síðastliðin ár hefur verið riðill á Austurlandi en fyrirkomulagið hefur verið þannig að Austfirðingar hafa séð um allt mótahaldið sjálf. Norðurlandið sá einnig um mótahaldið sjálft á síðasta ári. Liðin sem hafa spilað í þessum riðlum hafa ekki greitt móttagjöld vegna Íslandsmótsins. Það var samdóma álit fundarins að nú myndi Sævar sjá um að setja mótin upp og koma þeim á netið og BLÍ myndi rukka liðin um vægt mótsgjald, kr. 5.000.- Fyrirkomulagið verður engu að síður þannig að félögin sjá alfarið um framkvæmdina en passi sig á því að senda úrslit leikja til BLÍ að loknum hverjum leik eða móti.

Hautmót BLÍ

Laugardaginn 27. september. Sævari falið að biðja félögin að senda inn umsókn vegna Hautmótsins.

Formannafundur

Ákveðið var að halda formannafund félaga BLÍ. Fundurinn verður haldinn sömu helgi og hautmót BLÍ. Nánari tilkynning verður send síðar.

U19 Akureyri

Aðeins var rætt um unglíngalandsliðsmál í heild sinni. Óskar Hauksson stýrir U19 nefnd og Svala Vignisdóttir U17 nefnd. Óskar hefur góða nefnd á bakvið sig en hefur staðið í ströngu í sumar við skipulag æfingabúða og þess háttar. Svala hefur því miður ekki fengið marga með sér í nefndina en skýringar fyrir því má finna hjá félögunum sem eiga að tilnefna fulltrúa í nefndirnar. Stefán Jóhannesson hefur áhyggjur af stöðu mála og sagði að það þyrfti að byggja sterkari strúktúr utan um landsliðsmál sambandsins. Landsliðsnefnd á aðeins að vera starfandi og hinar nefndirnar frekar að starfa undir því. Þannig fær BLÍ meira yfirsýn yfir þjálfaramál sem og önnur mál sem klárlega falla undir þennan lið. Allir á fundinum voru sammála því að það þyrfti að byggja þennan strúktúr upp að nýju og var ákveðið að ráðast í það með vinnufundi í október.

Mótið á Akureyri virðist vera í góðum farvegi. Skráningar eru að skila sér inn á sambandið um þessar mundir og lítur út fyrir að mótið muni heppnast vel. Mótsnefndinni stýrir Sigurður Arnar Ólafsson en með honum í nefndinni eru Sævar Már, Valdimar Hafsteinsson og Auður Hauksdóttir ásamt Óskari Hauks.



BLAKSAMBAND ÍSLANDS
ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI, LAUGARDAL
Engjavegi 6
104 REYKJAVÍK

Sími: 514 4111 GSM: 663-0112
FAX: (354) 514 4112

11.Nóv.1972

Framkvæmdastjóri: Sævar Már Guðmundsson
netfang: bli@bli.is Heimasíða: www.bli.is Textavarp síða 339

Rætt var um flutning á gólfinu norður og er Óskar að vinna í því. Sævar bendir á að það vanti skiptisþjöld fyrir tvö velli og var hann beðinn um að athuga lausn á því.

Reglugerðir (bikarkeppni)

Rætt var um umræður um bikarkeppnina frá því á síðasta þingi. Stjórn var skipað að lagfæra reglugerðina um bikarkeppnina út frá sjónarmiðum sem komu fram á þinginu og kom Óskar með tillögu að fyrirkomulagi sem gæti hentað vel svo allir verði sáttir. Tillagan hljómaði upp á það að efstu liðin í deildarkeppninni á síðasta ári yrði stillt upp í sitthvorn riðilinn og síðan yrði dregið í riðlana. Efsta liðið eftir fyrra mótið myndi fara sjálfkrafa í undanúrslitin, hin liðin myndu spila um laust sæti í undanúrslitum í móti 2. Undanúrslit og úrslit myndu ráðast eins og undanfarin ár á sömu helginni.

Óskari falið að stilla upp hugmyndinni í form reglugerðar og kasta því á milli stjórnar í tölvupósti á næstu dögum. Sævari svo falið að kynna reglugerðina með bréfi sent á formenn blakdeilda.

Sævar kom inn á framkvæmd mótanna. Talaði m.a. um að nú þyrftum við að láta útbúa þriggja hrinu skýrslu sem væri lögleg. Það yrði áfram klukkutími sem gæfist í hvern leik með löglegri skýrslu. Jason benti á að BLÍ ætti að skipa dómara á leiki og að BLÍ ætti að sjá alfarið um mótin með hjálp heimaliðsins. Umsjónarhlutur liðanna felst í því að rita leikskýrsluna og vera með löglegan aðstoðardómara (héraðsdómararéttindi). Þetta þarf að vera ljóst frá upphafi.

Yngriflokkamáli

Fyrsti fundur nýrrar nefndar um yngriflokkana fór fram í júní. Aðalsteinn Eymundsson stýrir nefndinni og var ákveðið á fundinum hvernig næsta tímabil myndi líta út varðandi yngriflokkana. Fyrra mótinu verður skipt upp þannig að 2. og 3. flokkur spila saman á einu móti helgina 8.-9. nóvember. Þá munu 4. og 5. flokkur spila mót 24.-25. október.

Fundarmönnum leist vel á þetta og samþykkti fundargerð YFN.

Önnur mál

Stefán Jóhannesson minntist á strandblakið í sumar. Honum fannst það ekki nógu sýnilegt og grunaði að þetta hefði ekki verið eins sterkt og undanfarin ár. Íslandsmótið í strandblaki er um næstu helgi og þar keppast liðin um að komast í landslið Íslands sem tekur þátt í Smáþjóðaleikunum á Kýpur á næsta ári. Það er a.m.k. viðmiðið sem Strandblaksnefnd BLÍ setur upp og þannig sjálfvalið í landslið.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 18.20.
Sævar Már Guðmundsson, fundarritari